

Reykjavík, 7. febrúar 2020
R19070029

Höfundur: Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

Viðtakandi: Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

Efni: Minnisblað um framkvæmd á tillögu mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs sem snýr að úttekt á klefa- og salernisaðstöðu í húsnæði þar sem Reykjavíkurborg veitir þjónustu.

Á fundi mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráðs dags. 5. júlí 2018 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Lagt er til að öll salerni fyrir starfsfólk í stjórnsýsluhúsum Reykjavíkurborgar, þ.e. á Höfðatorgi og í Ráðhúsi, verði gerð ókyngreind frá og með hausti 2018. Samráðsferli við starfsfólk fari fram áður en að farið verði í framkvæmdir. Í framhaldi verði gerð úttekt á klefa- og salernisaðstöðum í húsnæði þar sem Reykjavíkurborg veitir þjónustu. Þetta verði gert í samráði við þau hagsmunasamtök er málið varðar. Mannréttindaskrifstofu verði falið að útfæra nánar með hvaða hætti þetta verði unnið. Að þessu loknu verði lagðar fram tillögur til úrbóta sem taki mið af ólíkum þörfum borgarbúa og þeirra sem heimsækja borgina.

Framkvæmd sem snýr að úttekt á klefa- og salernisaðstöðu

Samkvæmt tillögunni hafa kynjamerkingar á salernum starfsfólks stjórnsýsluhúsa Reykjavíkurborgar, í ráðhúsi og á Höfðatorgi, verið fjarlægðar. Þá barst kvörtun vegna þess en mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa er með hana í skoðun ásamt Vinnueftirlitinu.

Sumarið 2019 hófst vinna vegna þess hluta tillögunnar sem snýr að úttekt á klefa- og salernisaðstöðu í því húsnæði Reykjavíkurborgar þar sem veitt er þjónusta. Í fyrsta hluta var tekinn saman listi yfir húsnæði sem fellur undir þessa skilgreiningu. Tekin var ákvörðun um afmarka úttektina í upphafi við grunnskóla, sundlaugar, þjónustumiðstöðvar, bókasöfn og listasöfn Reykjavíkurborgar auk Tjarnarbíós og Fjölskyldu- og húsdýragarðsins.

Þessum aðilum var sent erindi í júlí 2019 þar sem gerð var grein fyrir tillögu mannréttinda- og lýðræðisráðs og spurt um salernisaðstöðu.

Eftirtaldir aðilar hafa svarað erindi skrifstofunnar:

Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts
Þjónustumiðstöð Breiðholts
Þjónustumiðstöð Grafarvogs

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar,- Miðborgar- og Hlíða
Breiðholtslaug
Vesturbæjarlaug
Laugardalslaug
Sundhöllin
Borgarbókasafn Árbæ
Borgarbókasafn Gerðuberg
Borgarbókasafn Grófinni
Borgarbókasafn Kringlunni
Borgarbókasafn Spönginni

Árbæjarskóli
Selásskóli
Breiðholtsskóli
Hólabrekkuskóli
Dalsóli
Ingunnarskóli
Hamraskóli
Breiðagerðisskóli
Brúarskóli
Hagaskóli

Erindið hefur verið ítrekað til þeirra sem ekki hafa svarað.

Í febrúar var ákveðið að gera úttekt á salernisaðstöðu í húsnæði þjónustuveitenda sem ekki hafa svarað. Starfsmaður á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu mun vinna þessa úttekt á næstu mánuðum. Úttektin felst í að heimsækja staðina og kanna klefa- og salernisaðstöðu.

Í kjölfarið verður unnin samantekt samantekt yfir stöðu mála sem verður lögð fyrir mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð.